

**Ekkert er
foreldrum
dýrmætara en
velferð barna
þeirra.**



Stoðir í skóla- starfi

Áhugi og stuðningur foreldra skiptir máli

Ýmsar rannsóknir benda til þess að þegar foreldrar taka virkan þátt í skólastarfi er frammistaða barna þeirra betri, sjálfstraustið meira og viðhorfið jákvæðara.

Skólaráð

Hlutverk

Samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahlald. Stefnuörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Fylgjast almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Verkefni

Fjalla um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Ráðið skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahlaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Hverjir sitja í skólaráði?

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn. Í ráðinu skulu sitja tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks í skólanum, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar foreldra og skólastjóri sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur einnig einn fulltrúa grenndarsamfélagsins eða viðbótarfulltrúa foreldra til að sitja í ráðinu.

Mikilvægt er að starf skólaráðsins einkennist af opnum og jákvæðum samskiptum, góðum samstarfsanda, uppbyggilegri og málefnalegri gagnrýni og hvatningu.

Fulltrúar foreldra í skólaráði þurfa að vera í nánnum tengslum við stjórn foreldrafélags viðkomandi skóla, bekkjarfulltrúa og aðra

foreldra. Þeir þurfa að geta miðlað upplýsingum um starfið og vera móttækilegir fyrir ábendingum frá öðrum foreldrum. Hægt er að fara margar leiðir til að styrkja tengsl fulltrúa foreldra í skólaráði við foreldrahópinn svo sem með fundum, póstsendingum í gegnum Mentor, fréttabréfi og/eða á heimasíðu skólans.

Nauðsynlegt er að fulltrúar foreldra í skólaráði, stjórn foreldrafélags og bekkjarfulltrúar hittist nokkrum sinnum á ári til að skiptast á skoðunum og miðla upplýsingum. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Sjá nánar reglugerð um starfsemi skólaráða á heimasíðu hvers skóla.

Á heimasíðu grunnskóla þurfa að vera eftirfarandi upplýsingar:

- Nöfn, netföng og aðrar nauðsynlegar upplýsingar varðandi fulltrúa foreldra í skólaráði.
- Starfsáætlun vetrarins þar sem fram kemur hvað fyrirhugað er að ræða í skólaráðinu á hverjum tíma.
- Fundartímar - dagskrá fundar skólaráðs fyrir hvern fund.
- Fundargerðir - ekki seinna en þremur dögum eftir fund.
- Leiðbeiningar til foreldra um hvernig þeir geti borið sig að við að koma jákvæðum og neikvæðum ábendingum um skólastarfið á framfæri.

Foreldrafélög

Hlutverk

Styðja við skólasterfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl foreldra, bæði innbyrðis og við skólann. Skapa vettvang fyrir samstarf og samstöðu meðal foreldra.

Markmið

Stuðla að vellíðan nemenda og bættum námsárangri með því að auka samskipti foreldra og styrkja skólabraginn. Stjórnin sér til þess að verkefnum sé skipt milli foreldra þannig að sem flestir taki þátt í foreldrastarfinu.

Hverjir sitja í stjórnnum foreldrafélaga?

Allir foreldrar barna í viðkomandi skóla geta boðið sig fram í stjórn foreldrafélags. Stjórn foreldrafélagsins er kosin á aðalfundi sem æskilegast er að sé haldinn að vori. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur þar sem m.a. er kveðið á um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa foreldra í skólaráð. Stjórnin mótar stefnu og áherslur í starfi í samráði við skólastjórnendur, bekkjarfulltrúa og nemendaráð.

Góð samskipti foreldra auðvelda samráð og samstöðu í uppeldinu. Einn mikilvægasti hluti starfs foreldrafélaganna er uppbygging bekkjarstarfsins en það er einn besti samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra í uppeldinu. Í þessu starfi gegna bekkjarfulltrúar afar mikilvægu hlutverki.

Bekkjarfulltrúar

Hlutverk

Verkstjórar sem hafa jákvæða hvatningu að leiðarljósi. Þeir halda utan um dagskrá sem er ákveðin á sameiginlegum fundi foreldra í bekknum að undangenginni athugun á viðhorfum og óskum barnanna. Bekkjarfulltrúar eru jafnframt tengiliðir bekkjarins við foreldrafélag og fulltrúa foreldra í skólaráði viðkomandi skóla. Æskilegt er að bekkjarfulltrúarnir, kosnir af foreldrum, séu tveir í hverjum bekk/hópi.

Markmið

Stuðla að jákvæðu samstarfi og samskiptum nemenda, foreldra og kennara.

Á heimasíðu grunnskóla þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- Nöfn, netföng og aðrar nauðsynlegar upplýsingar varðandi stjórnarmenn foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúa.
- Starfsáætlun foreldrafélagsins, viðburðir, bekkjarfulltrúafundir.
- Fundartímar stjórnar og fundargerðir.
- Upplýsingar um skipulag foreldraröls.

Samstarf um barnið þitt

Velferð barnsins í fyrirrúmi

Allir geta verið sammála um að ekkert sé foreldrum dýrmætara en velferð barna þeirra og fjöldi rannsókna segir okkur að það séu óumdeilanlega foreldrarnir sem hafi mest áhrif á líf barnanna þ.á.m. nám og líðan. Ábyrgð foreldra er því mikil. Góðir foreldrar láta sig varða um allt sem lýtur að velferð barna sinna og eiga hlutdeild í öllum mikilsverðum ákvörðunum sem snerta barnið. Það á einnig við um starf barnsins í skólanum. Einn veigamesti stuðningsaðili foreldra í uppeldi og menntun barnsins er skólinn. Auk vaxandi mikilvægis menntunar hefur skólasamfélagið umtalsverð áhrif á félagslega stöðu og þróun sjálfsmyndar barnsins. Velferð barnsins verður best tryggð þegar hinir fullorðnu standa saman um hagsmuni barnsins og stefna í sömu átt. Það veitir barninu aukið öryggi að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu og samræmi í gildum og væntingunum heima fyrir og í skólanum.

Gott samstarf

Eðlilegt er að samstarf foreldra og kennara snúist um markmið og inntak námsins, kennsluhætti, heimanám, samskipti, líðan og hegðun. Gott samstarf einkennist af gagnkvæmum upplýsingum um stöðu barnsins, samræðu, samvinnu þar sem stefnt er að sameiginlegu markmiði sem báðir/allir aðilar taka ábyrgð á. Í samstarfinu er kennarinn leiðtogi á jafnræðisgrunni þar sem foreldrar hafa réttindi jafnt sem skyldur. Markmið samstarfsins er velferð barnsins þíns.

Til að styðja barn þitt getur þú:

- Sýnt áhuga á starfi barnsins og líðan í skólanum með því að spyrja það
- Hlustað á barnið
- Hjálpað barninu til að leita lausna ef upp kemur vandi
- Notað þau tækifæri sem gefast til að koma í skólann og kynnst reynsluheimi barnsins
- Hvatt barnið til að gera sitt besta og styðja það eftir þörfum
- Verið vakandi fyrir því sem barnið gerir vel og hrósa því
- Talað jákvætt um nám, samskipti og starfið í skólanum
- Aflað upplýsinga frá skólanum ef eitthvað er óljóst
- Veitt kennaranum upplýsingar sem komið geta barninu að notum
- Kynnt þér upplýsingar um starf bekkjarins/nemendahópsins og skólans
- Leitað leiða til að kynnst skólafélögum barnsins og foreldrum þeirra



Þjónustumiðstöð í hverfinu þínu

Stuðningur og ráðgjöf við nemendur, foreldra og grunnskóla

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður

Hjarðarhaga 45-47
sími 411 1700
vesturgardur@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Skúlagötu 21
sími 411 1600
midborg.hlidar@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Síðumúla 39
sími 411 1500
laugardalur.haaleiti@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður

Langaríma 21
sími 411 1400
midgardur@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Breiðholts

Álfabakka 12
sími 411 1300
breidholt@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Bæjarhálsi 1
sími 411 1200
arbaer@reykjavik.is

reykjavik.is
grunnskolar.is
samfok.is

Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík
samfok@samfok.is
Suðurlandsbraut 24
sími 562 7720

- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun til foreldra
- Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa, wstjórnir foreldrafélaga og skólaráð
- Fulltrúi foreldra grunnskólabarna í Menntaráði Reykjavíkur

Bæklingurinn er unninn í samvinnu SAMFOKS, Menntasviðs Reykjavíkur og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Hann inniheldur upplýsingar um samstarf foreldra og grunnskóla. Bæklingnum er dreift til foreldra grunnskólanemenda í Reykjavík.



www.samfok.is



Reykjavíkurborg
Menntasvið



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Breiðholts

**Mikilvægt er að
foreldrar leggi
sitt af mörkum
til að gera gott
skólastarf enn
betra.**